



Jafnréttisstefna og framkvæmdaáætlun Langanesbyggðar 2023-2027

Markmið Langanesbyggðar er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum innan sveitarfélagsins.



Efnisyfirlit

Jafnréttisstefna Langanesbyggðar	2
Markmið	2
Ábyrgð, fræðsla og ráðgjöf	2
Framkvæmd og umfang	2
Endurskoðun Jafnréttisstefnu	3
Langanesbyggð sem stjórnvald	3
Skipan í nefndir, ráð og stjórnir	3
Kynjasamþætting	4
Sveitarfélagið Langanesbyggð sem atvinnurekandi	4
Launajafnrétti	4
Laus störf og starfsauglýsingar	5
Starfsþjálfun, endurmenntun og framgangur í starfi	5
Jafnvægi milli starfs og fjölskylduábyrgðar	6
Einelti, mismunur, ofbeldi eða kynferðisleg og kynbundin áreitni	6
Sveitarfélagið Langanesbyggð sem þjónustuveitandi	6
Þjónusta	6
Íþrótt-, tómstunda, -leik- og grunnskólastarf	7



Jafnréttisstefna Langanesbyggðar

Markmið

Íslensk jafnréttislöggjöf takmarkast við jafnrétti kynjanna og það gerir jafnréttisstefna Langanesbyggðar einnig. Hún er í samræmi við ákvæði 12. greinar laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 (hér eftir kölluð jafnréttislög) en þar er kveðið á um að sveitarfélög skuli skipa jafnréttisnefndir og gera jafnréttisáætlanir til fjögurra ára. Jafnréttisáætlanir skulu lagðar fram til samþykktar í sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar. Þær kröfur eru gerðar til jafnréttisáætlana sveitarfélaga að í þeim komi fram hvernig unnið skuli að kynjasambættingu á öllum sviðum og að þær innihaldi framkvæmdáætlun um hvernig leiðrétta skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins. Markmið jafnréttisstefnu Langanesbyggðar er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum fyrir alla íbúa sveitarfélagsins.

Með jafnréttisáætlun Langanesbyggðar skal tryggja jafna stöðu og möguleika kynjanna bæði í starfsemi og störfum á vegum sveitarfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og að þroska hæfileika sína óháð kynferði. Jafnréttissjónarmið skal flétta inn í allar þær ákvarðanir og aðgerðir á vegum sveitarfélagsins þar sem jafnréttismál koma til álitu. Með þessari áætlun er þeim vilja lýst að jafna stöðu kynjanna.

Ábyrgð, fræðsla og ráðgjöf

Stjórnendur og starfsfólk Langanesbyggðar bera ábyrgð á því að gæta jafnréttis kynja innan stjórnkerfis sveitarfélagsins, á vinnustöðum þess og í þjónustu við íbúa. Mikilvægt er að skipuleg fræðsla fari fram um málefnið bæði hjá stjórnendum og starfsfólki þar sem farið er yfir stefnur, ferla og verklag hjá Langanesbyggð tengdum jafnrétti kynjanna. Þá ber atvinnurekendum að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynferðislega og kynbundna áreitni á vinnustað.

Framkvæmd og umfang

Hlutverk og skyldur sveitarfélagsins er margþætt og skuldbindur sveitarfélagið sig til að vinna að jafnræði á þremur megin sviðum:

- Sveitarfélagið Langanesbyggð sem stjórnvald
- Sveitarfélagið Langanesbyggð sem atvinnurekandi
- Sveitarfélagið Langanesbyggð sem þjónustuveitandi

Jafnréttisstefnunni fylgir framkvæmdáætlun á gildistíma áætlunarinnar, sem tilgreind eru m.a. markmið og ábyrgðaraðili hvers verkefnis og tímarammi. Einstakir liðir eru settir fram með fyrirvara um fjárhagsáætlun hvers árs. Með stefnunni lýsir sveitarstjórn Langanesbyggðar



vilja sínum til þess að stuðla að jafnrétti í starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins með sérstökum aðgerðum sem tilgreindar eru í framkvæmdaáætlun. Jafnréttisstefna Langanesbyggðar er aðgengileg öllum á vef sveitarfélagsins og kynnt stjórnendum, starfsfólki og kjörnum fulltrúum.

Endurskoðun Jafnréttisstefnu

Jafnréttisstefnan getur verið endurskoðuð af sveitarstjórn hvenær sem er, en skal hið minnsta vera endurskoðuð í upphafi hvers kjörtímabils. Við endurskoðun skal höfð hliðsjón af þróun jafnréttisumræðu og stöðu þeirra hópa sem stefnan nær til.

Þessi stefna er samþykkt af sveitastjórn Langanesbyggðar. Öllum stofnunum, nefndum og ráðum sveitarfélagsins ber að vinna eftir henni.

Langanesbyggð sem stjórnvald

Skipan í nefndir, ráð og stjórnir

Markvisst skal unnið að því að jafna hlut kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins. Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir, skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

1. **Aðgerð:** Gera úttekt á kynjahlutföllum í nefndum, ráðum og stjórnnum, og kynna það fyrir sveitarstjórn.

Tímasetning: Fyrir 1. febrúar ár hvert.

Ábyrgð: Sveitarstjóri.

2. **Aðgerð:** Ef breytingar verða á nefndarskipan á kjörtímabilinu verði þess gætt að tilnefna fulltrúa af því kyni sem hallar á í nefndinni. Hafa ber 2:3 skiptingu í fimm manna nefndum og 1:2 í þriggja manna nefndum. Kynjahlutfall formanna nefnda skal skoða sérstaklega.

Tímasetning: 2023-2027.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

3. **Aðgerð:** Öll framboð til sveitarstjórna eru hvött til þess bréflega að konur og karlar hafi jafnt vægi á listum og þess gætt við kosningu í nefndir, ráð og stjórnir að hlutverk kynjanna sé sem jafnast.

Tímasetning: Fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Ábyrgð: Sveitarstjóri.



Kynjasambætting

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð á vegum sveitarfélagsins og stofnana þess. Þ.e. að sjónarmið beggja kynja sé til staðar þegar ákvarðanir eru teknar. Markmiðið er að tryggja að stefna og starfsemi mismuni ekki eftir kyni heldur stuðli að frekari uppbyggingu og auknu jafnrétti kynja.

1. **Aðgerð:** Fræðsla og námskeið frá Jafnréttisstofu um kynjasambættingu fyrir sveitarstjórnarmenn, stjórnendur stofnana og það starfsfólk sem áhuga hefur á jafnréttismálum.

Tímasetning: September 2023.

Ábyrgð: Sveitarstjóri.

2. **Aðgerð:** Til að auka kynjasambættingu, þá geri hver deild áætlun um hvernig bæta megi sambættingu kynja og jafnréttissjónarmiða.

Tímasetning: Nóvember 2023.

Ábyrgð: Sveitarstjóri.

Sveitarfélagið Langanesbyggð sem atvinnurekandi

Launajafnrétti

Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu þau njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir bæði kynin og er starfsfólki heimilt að skýra frá launakjörum sínum, sbr. 19. gr. jafnréttislaga. Laun eru í 8. tölulið 2. gr. jafnréttislaga skilgreind sem almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, bein og óbein, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.

1. **Aðgerð:** Langanesbyggð hlaut jafnlaunavottun (ÍST 85:2012) árið 2022 en með innleiðingu staðalsins er sveitarfélagið að tryggja jöfn kjör kvenna og karla fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Sveitarfélagið mun halda áram að sinna þeim aðgerðum sem jafnlaunastaðallinn segir til um og vinna markvisst að því að halda mismun í lágmarki.

Niðurstöður eru teknar saman árlega og lagðar fyrir sveitarstjórn. Gerðar eru lagfæringar ef mismunur kemur í ljós.

Tímasetning: Desember, ár hvert.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.



Laus störf og starfsauglýsingar

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum. Halda skal sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í mismunandi starfsgreinum innan sveitarfélagsins.

1. **Aðgerð:** Í öllum auglýsingum eru störf ókyngreind og þess er gætt að hafa bæði kynin í huga við gerð þeirra. Sérstaklega eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um auglýst störf. Ef hallar á annað kynið á vinnustaðnum sé auglýst sérstaklega eftir því kyni sem hallar á til að jafna kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það koma fram í auglýsingunni. Auglýsingar skulu vera aðgengilegar öllum á heimasíðu sveitarfélagsins.

Niðurstöður eru teknar saman í lok hvers árs og kynntar sveitarstjórn.

Tímasetning: Í ráðningarferli.

Ábyrgð: Sveitarstjórn og yfirmenn deilda innan sveitarfélagsins.

2. Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við val í störf, stjórnir, ráð og nefndir. Það kynið sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein skal að jafnaði ganga fyrir við ráðningar í störf þegar umsækjendur eru jafnhæfir. Við ráðningar er óheimilt að mismuna kynjum, á grundvelli fjölskyldustöðu eða annarra þátta.

Aðgerð: Teknar verði saman upplýsingar um hlut kynja í stjórnunar- og áhrifastöðum í sveitarfélaginu og kynntar sveitarstjórn.

Tímasetning: Fyrir 31. desember ár hvert.

Starfsþjálfun, endurmenntun og framgangur í starfi

Tryggt verði að konur og karlar njóti sömu tækifæra til starfsþjálfunar, endurmenntunar og framgangs í starfi. Greina skal hvort á annað kynið halli við nýtingu slíkra starfa. Komi slíkt í ljós skal leita leiða til að leiðrétta það.

1. **Aðgerð:** Samantekt skráningar um þátttöku starfsfólks í starfsþjálfun, námskeiðum og framgangs í starfi. Greina skal hvort á annað kynið hallar við nýtingu slíkra tækifæra. Komi slíkt í ljós skal leita leiða til að leiðrétta það.

Tímasetning: Fyrir 1. júní ár hvert.

Ábyrgð: Sveitarstjóri.



Jafnvægi milli starfs og fjölskylduábyrgðar

Langanesbyggð leggur áherslu á að starfsfólki sé gert mögulegt að samræma starf og fjölskylduábyrgð með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu eftir því sem við verður komið óháð kyni.

Óheimilt er að láta fæðingar- og foreldraorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnseignum hafa neikvæð áhrif á ákvarðanir um framgang í starfi.

1. **Aðgerð:** Deildarstjórar sjái um að hvetja sitt starfsfólk til að gæta jafnræðis í töku fæðingar- og foreldraorlofs.

Tímasetning: Í samræmi við aðstæður á hverjum vinnustað.

Ábyrgð: Deildarstjórar.

Einelti, mismunun, ofbeldi eða kynferðisleg og kynbundin áreitni

Einelti, mismunun, ofbeldi eða kynferðisleg og kynbundin áreitni er með öllu óheimil á vinnustöðum Langanesbyggðar. Stjórnendum hjá Langanesbyggð ber skylda samkvæmt reglugerð nr. 1009/2015 að láta slíka hegðun ekki viðgangast. Hjá Langanesbyggð er unnið eftir viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis og er stefnan birt á heimasíðu Langanesbyggðar.

1. **Aðgerð:** Til að sporna við óviðeigandi hegðun og auka líkur á ánægju í starfi ber stjórnendum að framkvæma áhættumat á vinnustað sínum annað hvert ár og í kjölfar þess er viðbragðsáætlun virkjuð. Áhættumat skal byggja á öllum tiltækum upplýsingum þar sem m.a. er tekið tillit til andlegra og félagslegra þátta í tengslum við vinnuaðstæður á vinnustaðnum s.s. kynjahlutfalls, ólíks menningarlegs bakgrunns, aldurs og fjölda starfsmanna.

Tímasetning: Í júní annað hvert ár.

Ábyrgð: Deildarstjórar.

Sveitarfélagið Langanesbyggð sem þjónustuveitandi

Þjónusta

Tryggja skal jafnan aðgang kvenna og karla að þjónustu sveitarfélagsins. Við ákvarðanir um tilhögun hennar skal taka mið af þörfum beggja kynja og áhrifum á konur og karla. Unnið skal markvisst að því að auka jafnréttisvitund íbúa. Horft verður til innleiðingar heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna hvað varðar þjónustu til íbúa sveitarfélagsins m.a. varðandi hönnun á umhverfi og jöfn tækifæri til ákvörðunartöku.



1. **Aðgerð:** Upplýsingar um þjónustu sem sveitarfélagið veitir skal vera kyngreind og ef í ljós kemur að þjónustan virðist henta einungis öðru kyninu skal gerð áætlun um hvernig hægt sé að breyta þjónustunni svo hún henti báðum kynjum.

Tímasetning: Október 2023

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Íþróttta-, tómsstunda-, -leik- og grunnskólastarf

Allt uppeldis- og tómsstundastarf, menntun og fræðsla skal hafa jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi. Starfsfólk sem starfar við íþróttta-, tómsstunda-, leik- og grunnskólastarf skal fá viðeigandi fræðslu og þjálfun til að búa nemendur af báðum kynjum undir þátttöku í jafnréttis- og lýðræðisþjóðfélagi. Kynjasjónarmiða skal gætt við skipulag náms og framsetningu kennsluefnis. Tekið skal mið af kynjasjónarmiðum við skipulag og framkvæmd frístundastarfs.

Fræðsla um jafnréttismál skal veitt á öllum skólastigum. Styrkja skal jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynjanna í öllu starfi með börnum og unglingum og þau skulu hvött til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda. Þess skal gætt á öllum skólastigum sem og í öllu íþróttta- og tómsstundastarfi að allir foreldrar óháð kyni, þjóðfélagsstöðu, þjóðerni, litarhætti, móðurmáli og forræði barna hafi jafnan aðgang að upplýsingum.

1. **Aðgerð:** Skólayfirvöld sjái til þess eftir fremsta megni að námsefni mismuni ekki kynjum og í náms og starfsfræðslu verði lögð áhersla á að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hafa verið álitin hefðbundin kvenna- og karlastörf. Sjálfsstyrking verði sjálfsagður hluti náms á öllum skólastigum. Skólar leggi áherslu á að búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur einkalífs og fjölskyldulífs, félagslífs og atvinnulífs. Íþróttta- og tómsstundastarf skal skipulagt með þarfir og hagsmuni beggja kynja í huga, svo sem varðandi tímasetningu og aðstöðu.

Tímasetning: Fyrir 20. ágúst ár hvert.

Ábyrgð: Fræðslunefnd og skólastjórnendur.

Áætlun þessi var endurskoðuð og samþykkt á byggðaráðsfundi 22. júní 2023, í umboði sveitarstjórnar.

Björn S. Lárusson, sveitarstjóri.